

Nd.

270. Frumvarp til laga

[91. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. febr.)

Samhljóða þskj. 111 með þessari breytingu:

2. tölul. 12. gr. (217. gr) orðast svo:

(217. gr.). Sjóveðréttur í skipi nær og til skipsbúnaðar og kröfu útgerðarmanns til skaðabóta og sjótjónsframlags vegna tjóns á skipi, sem orðið hefur, eftir að ferð hófst, og ekki hefur verið úr bætt. Til skipsbúnaðar teljast ekki vistabirgðir, eldsneyti né aðrar vélarnauðsynjar.

Sjóveðréttur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald og fargjald fyrir þá ferð, sem krafan stafar af, svo og til skaðabóta og sjótjónsframlags fyrir missi þess farmgjalds eða fargjalds. Sjóveðréttur fyrir kröfum samkvæmt 2. tölulið 216. gr. nær þó til farmgjalds fyrir allar ferðir skips, sem farnar voru, meðan starfssamningur var í gildi.

Sjóveðréttur í skipi og farmgjaldi nær einnig til hluta útgerðarmanns af björgunarlaunum, sem til hefur verið unnið í ferðinni.

Sjóveðréttur fyrir launakröfum og þóknunar samkvæmt 2. tölulið 216. gr. og bótakröfum fyrir eignir skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys, sbr. síðasta málslíð 4. töluliðs 216 gr., skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er þá vátryggingarsala óskyld að láta vátryggingarfé af höndum, fyrr en 14 dögum eftir að hann átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðinn og ákveða upphæð bóta. Sjóveðréttur nær ekki til vátryggingarfjár í öðrum tilfellum en hér var greint.